

## AUGLÝSING

### um breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, svæðið norðan Vatnajökuls.

Samkvæmt 14. gr. a., sbr. 7. mgr. 13. gr. a. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 15. ágúst 2002 staðfest breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015.

Breytingin varðar breytingar á fyrirkomulagi virkjana, samgöngum, náttúruverndar-svæðum og svæðum fyrir ferðaþjónustu á svæðinu norðan Vatnajökuls.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar miðhálandisins. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Í undirbúningi er breyting á afmörkun friðlands í Kringilsárrana til samræmis við fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 15. ágúst 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*